

## Reglur um lyfjakynningar á LSH

Kynningar á lyfjum innan LSH geta haft áhrif á starfsemi og rekstur spítalans og því er nauðsynlegt að um þær gildi ákveðnar reglur. Kynningar sem tengjast starfsemi LSH geta einnig farið fram utan spítalans og utan vinnutíma starfsmanna. Eftirfarandi eru reglur LSH um kynningar á lyfjum.

- Kynningar á lyfjum skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 328/1995, um lyfjaauglýsingar, með áorðnum breytingu skv. reglugerð nr. 95/2001 og reglugerð nr. 949/2012. Lyfjainnflytjendur/-seljendur sem vilja kynna lyf á spítalanum skulu gæta þess að það sé gert af fagfólki sem hefur til þess tilskilda reynslu og haldgóða þekkingu. Beiðnum um lyfjakynningar fyrir starfsfólk spítalans skal beint til yfirlæknis ef um lækna er að ræða, deildarstjóra hjúkrunar ef um hjúkrunarfræðinga er að ræða eða yfirlyfjafræðings ef kynningin er ætluð lyfjafræðingum. Óheimilt er að kynna lyf fyrir einstökum starfsmönnum, allar kynningar skulu miðast við ákveðna faghópa og dagskrá ákveðin í samráði við viðkomandi yfirmann. Aðrar heimsóknir lyfjakynna á spítalann eru óheimilar.
- Beiðnum um kynningar skal komið á framfæri með góðum fyrirvara, þar skal koma fram hvaða lyf á að kynna, dagskrá og tímasetningu. Fræðslan skal vera hlutlæg, nákvæm og í samræmi við almennt siðferði. Öllum veitingum skal stillt í hóf og gjafir, ef einhverjar eru, skulu vera afar hóflegar. Yfirmaður viðkomandi starfsemi ber ábyrgð á kynningu og veru kynnis á spítalanum á meðan dagskrá varir.
- Þess skal gætt að kynningar á lyfjum fari ekki fram í rými sem er ætlað sjúklingum eða í rými þar sem meðferð þeirra fer fram. Auglýsingar eða munir merktir lyfjum eða lyfjafyrirtækjum skulu ekki vera til staðar í því rými sem sjúklingum er ætlað.
- Heimilt er að kynna lyf sem eru á lyfjalista spítalans, svo og ný lyf. Þegar nýtt lyf er kynnt skal þess getið með skýrum hætti að um nýja lyfjameðferð sé að ræða, sem lyfjanefnd LSH hafi ekki fjallað um eða tekið afstöðu til. Óheimilt er að kynna lyf, sem hafnað hefur verið af lyfjanefnd eða sem fjarlægð hefur verið af lyfjalista svo og óskráð lyf.
- Óheimilt er að afhenda starfsmönnum spítalans lyfjasýnishorn og óheimilt er að nota lyf, sem eru gefin starfsmönnum, til meðhöndlunar sjúklinga.
- Sérstakar lyfjakynningar fyrir læknanema, aðstoðarlækna eða deildarlækna eru óheimilar.

## Um kynningar á lyfjum utan spítalans og kostun á ferðum, ráðstefnum og fundum starfsmanna.

- Boð til starfsmanna á ráðstefnur erlendis skulu sendar *skriflega* yfirmanni það er yfirlækni, deildarstjóra hjúkrunar eða yfirlyfjafræðingi. Yfirmenn meta hvort ráðstefnan muni gagnast starfsmanninum í starfi. Einungis er heimilt að leyfa boð á ráðstefnur sem haldnar eru af viðurkenndum fagfélögum. Ferðir á ráðstefnur skipulagðar af

lyfjafyrirtækjum sem eingöngu beinast að því að kynna eigin framleiðslu eru ekki heimilaðar.

- Hóflegir styrkir frá lyfjafyrirtækjum til kostunar á ráðstefnum, utanlandsferðum o.fl. eru heimilar að fengnu samþykki framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs.
- Starfsmanni er óheimilt að skuldbinda spítalann á nokkurn hátt í tengslum við kynningar eða boð á ráðstefnur.

**Um samskipti lyfjafyrirtækja og starfsmanna LSH gilda einnig „Reglur um kynningar á tækjum, lyfjum, rekstrarvörum og þjónustu á LSH og samskipti kynna og starfsmanna spítalans“.**

**Við gerð þessara reglna var stuðst við eftirfarandi:**

**„Samskipti lækna og lyfjafyrirtækja“, samning Læknafélags Íslands og Samtaka verzlunarinnar og reglur EFPIA og Frumtaka frá janúar 2014 (sjá nánar: [http://www.frumtok.is/media/PDF/Frumtok\\_baeklingur\\_1409.pdf](http://www.frumtok.is/media/PDF/Frumtok_baeklingur_1409.pdf)).**

Í fundarboði til starfsmanna LSH um lyfjakynningar skal þess getið að fundurinn sé í samræmi við reglur þessar og Yfirlýsingu fastanefndar evrópskra lækna og Samtaka lyfjaiðnaðarins í Evrópu 2005 ([www.lis.is](http://www.lis.is))

Samþykkt á fundi Lyfjanefndar LSH 4. mars 2015

Reglur þessar voru samþykktar af framkvæmdastjórn LSH þann 30. maí 2016 og skulu endurskoðaðar innan þriggja ára.